

2. fulltrúaráðsfundur LUF kjörtímabilið 2019-2020

14. ágúst 2019, Háskóli Íslands (HT-101), Reykjavík kl. 19:00

Mætt eru: AIESEC: Nicole Buot Navarro, AFS: Lilja Guðmundsdóttir, JCI: Anna Pálsdóttir, Samfés: Svava Gunnarsdóttir, SUB: Guðmundur Bjarnason, SÍF: Snæþór Bjarki Jónsson, SUF: Hildur Guðbjörg Benediktsdóttir, SHÍ: Guðjón Björn Guðbjartsson, UAK: Björgheiður Margrét Helgadóttir, UE: Starri Reynisson, UJ: Margrét Steinunn Benediktsdóttir, Pétur Halldórsson, UVG: Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm, UNF: Iris Dager, Uppreisn: Kolfinna Tómasdóttir, UP: Sigmundur Þórir Jónsson, URKÍ: Ingi Hrafn Pálsson, Ungmennaráð UNICEF: Jökull Ingi Þorvaldsson.

Fulltrúar stjórnar: Varaformaður: Geir Finnsson (GF), gjaldkeri: Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), meðstjórnandi: Enar Kornelius Leferink (EKL), meðstjórnandi: Rut Einarsdóttir (RE), varamaður: Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ). *Skrifstofa:* Tinna Isebarn (TI), framkvæmdastjóri og Sigurður Helgi Birgisson (SHB), verkefnastjóri.

Fundarstjóri: Geir Finnsson, formaður fulltrúaráðs

Fundur settur: 19:00

Dagskrá:

- Drög að dagskrá 2. fulltrúaráðsfundar:** GF kynnir drög að dragskrá fundarins.
Til umræðu og samþykktar: GF gefur færi á athugasemdum, en engar bárust. Dagskráin er borin undir fundinn og er hún samþykkt einróma.
- Tillaga frá stjórn að kosningafyrirkomulagi:** GF kynnir tillöguna: „Að kosið verði í tveim umferðum og að einvígi verði á milli þeirra tveggja sem hljóta flest atkvæði. Sá sem sigrar 2. umferð hlýtur kjör sem Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði mannréttinda, sá sem tapar verður varafulltrúi. Verði jafntefli í fyrstu umferð á milli fleiri en tveggja, verður kosið milli þeirra.“ Ástæða tillögunnar er sú að vegna fjölda frambjóðenda er hætta á að sigurvegari í einfaldri kosningu verði ekki með meirihluta atkvæða að baki sér. Tillagan felur einnig í sér rétt fulltrúans til að kalla til varamanns.
Til umræðu og samþykktar: GF opnar fyrir umræðu og spyr Samfés hvort kosið verði um fleiri en tvo þegar jafnt er. GF staðfestir að svo verði. Tillaga stjórnar að kosningafyrirkomulagi er borin undir fundinn og er hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- Kosning kjörbréfanefndar:** GF tilkynnir að stjórn leggi til að starfsmenn félagsins, TI og SHB sitji í kjörbréfanefnd ásamt einum óháðum fulltrúa úr fulltrúaráði frá félagi sem er ekki að með fulltrúa í framboði á fundinum. Fulltrúi SUB gefur kost á sér. Eru þau kjörin með öllum greiddum atkvæðum.
- Framboð til [Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði mannréttinda](#):** GF upplýsir ráðið um að um sé að ræða kosningu í fyrsta sinn í embættið á Íslandi og að fulltrúinn komi meðal annars til með að sækja allsherjarþing

Sameinuðu þjóðanna í september. GF tilkynnir að framboðsfrestur til Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði mannréttinda sé runninn út. GF tilkynnir að 10 framboðendur gefi kost á sér og að þeir verði þeir kallaðir upp til að fara með framboðsræður sínar eftir stafrófsröð:

1. Andrea Gunnarsdóttir, fulltrúi UAK
2. Einar Hrafn Árnason, fulltrúi SÍF
3. Esther Hallsdóttir, fulltrúi UE
4. Gerður Ævarsdóttir, fulltrúi Ungmennaráðs UNICEF
5. Jón Hjörvar Valgarðsson, fulltrúi Samfés
6. Lilja Guðmundsdóttir, fulltrúi AFS
7. Magnea Gná Jóhannsdóttir, fulltrúi SUF (Hildur Guðbjörg Benediktsdóttir flutti ræðu fyrir hönd Magneu)
8. Margrét Steinunn Benediktsdóttir, fulltrúi UJ
9. Tinna Hallgrímsdóttir, fulltrúi UU
10. Þórhildur Elísabet Þórsdóttir, fulltrúi SHÍ

Kosning: GF þakkar framboðendum fyrir ræður sínar og opnar fyrir leynilega kosningu fyrstu umferðar. TI formaður kjörbréfanefndar tilkynnir að Esther og Tinna hafi hlotið flest atkvæði og halda því áfram í aðra umferð. Eftir talningu seinni umferðar tilkynnir TI að Esther hafi sigrað með einu atkvæði og mun Tinna því gegna hlutverki varafulltrúa.

- 5. Tillaga frá stjórn um breytt skipulag:** GF kynnir tillöguna: „Að fulltrúi UAK, Laufey María Jóhannsdóttir varamaður í stjórn taki við af fulltrúa UJ, Inger Erlu Thomsen sem hefur sagt af sér embætti ritara af persónulegum ástæðum.“ GF skýrir að fordæmi sé fyrir þessu fyrirkomulagi - að kjörnir varamenn taki við ef embætti losnar á miðju kjörtímabili og að lýðræðislegt umboð sé endurnýjað á fulltrúaráðsfundi.

Til umræðu og samþykktar: Engar athugasemdir bárust og var tillagan samþykkt einróma. Tekur LMJ því við embætti ritara stjórnar LUF.

- 6. Framboð til meðstjórnanda:** GF tilkynnir að fulltrúi UU, Enar Kornelius Lefering kjörinn meðstjórnandi á síðasta sambandsþingi sem hefur gegnt hlutverki lýðræðis- og mannréttindafulltrúa LUF hefur óskað eftir að láta af embætti vegna náms erlendis, þegar nýr fulltrúi verður kjörin í hans stað á þessum fundi. GF tilkynnir að framboðsfrestur til meðstjórnanda er runnin út. Þá liggur fyrir að eitt framboð hefur borist frá Steinunni Ásu Sigurðardóttir, fulltrúa AFS. GF kynnir hana í pontu til að fara með framboðsræðu.

Kosning: GF gefur fulltrúum ráðsins færi á að óska eftir leynilegri kosningu. Engin slík beiðni berst. Steinunn hlýtur kjör með öllum greiddum atkvæðum.

- 7. Framboð til varamanns:** GF útskýrir að þar sem LMJ hefur tekið við embætti ritara og að SHB hafi sagt af sér varamennsku vegna starfa hjá félaginu verða tveir varamenn kosnir. GF tilkynnir að framboðsfrestur til varamanns er runninn út. Þá liggur fyrir að tvo framboð bárust, þ.e. Ásta Guðrún Helgadóttir fulltrúi UP og

Hreiðar Már Árnason fulltrúi Samfés. Fá þau boð upp í pontu til að fara með framboðsræður.

Kosning: GF gefur fundarmönnum færi á að óska eftir leynilegri kosningu. Engin slík beiðni berst. Ásta og Hreiðar hljóta kjör með öllum greiddum atkvæðum. GF vakti athygli á hefðinni fyrir varamennsku sem heiðurssæti og þeim heiðri fyrir LUF að fá þessar fyrirmyndir til liðs við félagið þar sem þau búa yfir verðmætri reynslu og geta því verið stjórninni til halds og trausts með ráðgjöf og stuðningi.

- 8. Framboð til setu í [stjórn Leiðtogaskólans](#):** GF útskýrir að skv. Reglugerð Leiðtogaskóla Íslands kýs fulltrúaráð sinn fulltrúa í 5 manna stjórn skólans. Þ.e. Stjórn skipar einn, fulltrúaráð kýs einn og síðan er stjórnin skipuð af fyrrv. formanni LUF og tveimur starfsmönnum. GF tilkynnir að framboðsfrestur til setu í stjórn skólans er liðinn. Þá liggur fyrir eitt framboð frá Nicole Buot Navarro, fulltrúa AISEC og býður GF býður henni að kynna sig fyrir ráðinu.

Kosning: GF gefur fulltrúum ráðsins færi á að óska eftir leynilegri kosningu. Engin slík beiðni berst og hlýtur Nicole kjör með öllum greiddum atkvæðum.

- 9. Framboð til setu í [Alþjóðnefnd LUF](#):** Nefndin er skipuð fjórum fulltrúum út fulltrúaráði LUF ásamt alþjóðafulltrúa stjórnar LUF sem fer fyrir nefndinni. GF tilkynnir að framboðsfrestur til setu í nefndinni er liðinn. Þá liggja fyrir fjögur framboð frá: Önnu Pálsdóttur fulltrúa JCI, Inga Hrafni Pálssyni fulltrúa URKÍ, Irisi Dager fulltrúa UNF og Pétri Halldórssyni fulltrúa UU. GF býður frambjóðendum að kynna sig fyrir ráðinu.

Kosning: GF gefur fulltrúum ráðsins færi á að óska eftir leynilegri kosningu. Engin slík beiðni berst. Allir frambjóðendur hljóta einróma kjör.

- 10. Staða helstu verkefna:** GF leggur til að 10. lið verði frestað til næsta fulltrúaráðsfundar þar sem fundartíminn er runninn upp og er tillagan samþykkt.

Til upplýsinga: Áfangaskýrsla stjórnar verður kynnt á 3. fulltrúaráðsfundi.

- 11. Önnur mál:** Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20:05

SHB ritaði fundargerð